

Jónsmessunefnd

Sölvhólsvör, Sölvhólsögötu 7

15. janúar 2025

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Einar Þorsteinsson, Guðni Geir Einarsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Jón Viðar Pálmason frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Árni Sverrir Hafsteinsson frá innviðaráðuneytinu vegna 2.-3. liðar.

1. Starfshættir Jónsmessunefndar og starfsáætlun 2025.

Ákveðið að halda vinnufund þar sem farið verði yfir starfshætti og starfsáætlun nefndarinnar.

2. Reikningsskil sveitarfélaga og upplýsingaveita.

Árni Sverrir Hafsteinsson og Þórdís Sveinsdóttir fóru yfir tillögur um úrbætur varðandi reikningsskil sveitarfélaga og upplýsingaveituna, sem fram koma í framlögðu minnisblaði frá fulltrúum samráðsnefndar um opinber fjármál, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, IRN og FJR. Nefndin sammála um að fela samráðsnefnd um opinber fjármál að hafa yfirumsjón með A-hluta verkefnisins, sem snýr að endurskoðun löggjafar og reglugerða um reikningsskil sveitarfélaga, og setja upp tíma- og kostnaðaráætlun sem lögð verði fyrir næsta fund Jónsmessunefndar 12. febrúar nk. Nefndin einnig sammála um að Samband íslenskra sveitarfélaga verkstýri B-hluta verkefnisins sem snýr að tæknivinnu og endurhönnun upplýsingaveitunnar.

3. Skattlagning orkumannvirkja

Aðalsteinn Þorsteinsson og Árni Sverrir Hafsteinsson fjölluðu um tillögur starfshóps varðandi útfærslur á skattlagningu orkuvinnslu. Málið verður aftur tekið fyrir í Jónsmessunefnd síðar.

4. Framvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög)

Aðalsteinn Þorsteinsson og Árni Sverrir Hafsteinsson kynntu stuttlega fyrirhugaðar breytingar á sveitarstjórnarlögum varðandi mat á fjárhagslegum áhrifum laga á sveitarfélög.

5. Önnur mál.

Ákveðið að tekið verið fyrir á næsta fundi 12. febrúar nk. minnisblað um stafræna stofu.

Einnig verði tekið fyrir á næsta fundi drög að nýju samkomulag ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2026-2030.